

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 6/2025, um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti og forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er hér með gerð eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði nr. 6/2025, um skiptingu starfa ráðherra:

1. gr.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. fer Inga Sæland með stjórnarmálefni sem heyra undir innviðaráðuneytið og ber embættisheitið innviðaráðherra, um stundarsakir, meðan fjarvera Eyjólfssonar, vegna persónulegra ástæðna, varir.

2. gr.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. fer Inga Sæland með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og barnamálaráðuneytið og ber embættisheitið mennta- og barnamálaráðherra, um stundarsakir, meðan fjarvera Guðmundar Inga Kristinssonar, vegna veikinda, varir.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða, sbr. forsetaúrskurð nr. 84/2025, fellur brott.

4. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2025.

Halla Tómasdóttir.

(L. S.)

Kristrún Frostadóttir.